

LÖG
um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003,
með síðari breytingum (uppbætur á lífeyri undanþegnar skattlagningu).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Uppbætur á lífeyri vegna framfærslubyrdar skv. 1. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og uppbót vegna reksturs bifreiðar skv. 2. mgr. 10. gr. sömu laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2019.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 2018.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.